

**Sp. 494. Tillaga til þingsályktunar [261. mál]**

um tafarlausu afplánun dóma vegna fíkniefnabrota.

Flm.: Kjartan Jóhannsson.

Alþingi ályktar að beina því til dómsmálaráðherra að sjá til þess að fangelsisdómum vegna fíkniefnabrota verði ætíð fullnægt þegar í stað og hafi afplánun slíkra dóma þannig forgang að öðru jöfnu.

**Greinargerð.**

Vaxandi fíkniefnanotkun vekur ugg og bendir til nauðsynjar þess að hart sé við brugðist. Afplánun dóma vegna slíkra brota hefur oft dregist úr hömlu. Þetta er afleitt því að viðkomandi aðilar komast þá aftur til iðju sinnar ef þeim svo sýnist þótt þeir hafi hlotið dóm. Með tafarlausri afplánun er slíkt a.m.k. torveldað og því hamlað gegn innflutningi og dreifingu á þessum hættulegu efnunum.

Af þessum sökum er hér gerð tillaga um að beina því til dómsmálaráðherra að sjá til þess að afplánun fíkniefnadóma fari fram þegar í stað og hafi afplánun slíkra dóma þannig forgang að öðru jöfnu. Flutningsmanni er ljóst að einhver frávik þurfa að vera frá slíkum forgangi og er tekið tillit til þess í ályktunartillögunni. Hins vegar er hér um svo alvarleg brot að ræða að dómi flutningsmanns að fyllsta ástæða er til að afplánun þeirra sé tafarlaus.